



42. Stjórnarfundur hjá Vatnsveitufélagi Hvalfjarðarsveitar sf.

Tími: Mánudaginn, 12. október, 2015, kl. 9:00.

Staður: Skrifstofa sveitarfélagsins Hvalfjarðarsveitar.

Mættir: Guðjón Jónasson (GJ) stjórnarformaður Vatnsveitufélag Hvalfjarðarsveitar.
Stefán G. Ármannsson (SGÁ) stjórnarmaður Vatnsveitufélag Hvalfjarðarsveitar.
Guðmundur Eiríksson (GE) stjórnarmaður Vatnsveitufélag Hvalfjarðarsveitar.

Jafnframt sátu fundinn fulltrúar eigenda, Björgvin Helgason oddviti, Skúli Þórðarson, sveitarstjóri og Gísli Gíslason, hafnarstjóri.

1. Fundargerð nr. 41 hefur þegar verið undirrituð.
2. Nýtingarleyfi frá OS.
Nýtingarleyfi á grunnvatni í landi Tungu í Svínadal í Hvalfjarðarsveit og nýtingarleyfi á grunnvatni í landi Hlíðarfótar í Svínadal í Hvalfjarðarsveit hafa borist frá OS og eru dagsett 30. september, 2015.
3. Áframhald að fengnum nýtingarleyfum
Í framhaldi af fengnum nýtingaleyfum heldur nú vinna áfram með hagsmunaaðilum um framhaldið. Með þessum leyfum uppfyllir Vatnsveitufélagið ákvæði í samningi við Elkem Ísland ehf., og nú verður hægt að ganga frá fyrirbyggjandi samningi við landeigendur í Hlíðarfæti að fenginni staðfestingu eigenda félagsins, þ.e. Sveitarstjórnar Hvalfjarðarsveitar og Faxaflóahafna sf. Fundað verður m.a. með Elkem Ísland ehf., eigendum Vatnsveitufélagsins og forsvarsmönnum veiðifélagsins.
4. Fjárfestingaáætlun næstu ára.
Rætt var um stöðuna, farið yfir þá möguleika sem eru fyrir hendi og áform um endurnýtingu vatns og öflun iðnaðarvatns rædd. Stjórn Vatnsveitufélagsins lagði fram drög að fjárfestingaáætlun sem gerir ráð fyrir fjárútlátum eigenda vegna framkvæmda að upphæð samtals kr. 27 milljónir á árinu 2016. Ákveðið að bíða með nánari útfærslu áætlunarinnar fyrir árið 2017 og síðar, m.a. þangað til möguleikar um iðnaðarvatnsöflun hafa verið skoðaðir betur.

Fundi lauk um kl. 10:15

F.h. stjórnar.

Guðmundur Eiríksson